

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. febrúar 2016
UST201601-061/K.S.J.
10.04.03


Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir áningastað í Vikraborgum.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi áningastaðs í Vikraborgum við Öskju. Deiliskipulagssvæðið er innan Skútustaðahrepps. Í lýsingu segir að áætlað er að bjóða upp á áningarstað með lágmarkspjónustu og fræðslu.

Í lýsingu ofangreinds deiliskipulags kemur fram að straumur ferðamanna á svæðið fer vaxandi. Einnig kemur fram að markmiðið með áætluðu deiliskipulagi er að móta ramma um þróun og uppbyggingu á áningastaðnum svo sem með aðkomuvegi, gönguleiðum, fræðslu og bílastæðum. Núverandi bílastæði verða endurskoðuð og þau felld að landslagi. Einnig verða afmarkaðir byggingarreitir fyrir viðveruhús og snyrtingar með þurrsalerni fyrir daggesti.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

